

VIÐAUKI II

Fjárhagsviðauki

1. gr.

Það fjármagn sem áætlað er nauðsynlegt - fyrir utan öll framlög EFTA-ríkjanna - til að hrinda COMETT II áætluninni í framkvæmd innan bandalagsins og ákveðið er í COMETT-ákvörðuninni frá 16. desember 1988 nemur 200 milljónum ECU á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. desember 1994.

2. gr.

Ráðstöfunarfé sem veitt verður til COMETT II áætlunarinnar skal vera í samræmi við fjárhagslegar horfur í bandalaginu og þróun þeirra. Þær fjárveitingar sem verða til reiðu ár hvert skulu ákveðnar við afgreiðslu fjárlaga bandalagsins.

3. gr.

Fyrir ársbyrjun ár hvert skal framkvæmdastjórnin láta Ísland vita um upphæð fjárveitinga til ráðstöfunar það ár að því er viðkemur COMETT II áætluninni. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Íslandi breytingar á þessari upphæð sem kunna að verða á árinu.

VIÐAUKI III

Fjármögnunarreglur

1. gr.

Gildandi fjárhagsreglugerð sem á við um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal gilda, einkum um stjórnun fjárveitinga.

2. gr.

Í upphafi hvers árs, eða hvenær sem COMETT II áætlunin er endurskoðuð þannig að valdi hækkun þeirrar upphæðar sem áætlað er að þurfi til að framkvæma hana, skal framkvæmdastjórnin senda Íslandi fjárkröfu sem samsvarar framlagi þess til kostnaðar samkvæmt samningnum.

Framlag þetta skal skráð í Evrópugjaldmiðli, ECU, og skal greiðast inn á ECU-bankareikning framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í samræmi við fjárkröfuna og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að hún hefur verið send. Sérhver töf á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af hálfu Íslands af útistandandi upphæð frá gjalddaga. Vextir þessir eru þeir sömu fyrir gjalddagamánuðinn og (FECOM) (EFMC) leggur á fyrir starfsemi sína í Evrópugjaldmiðli, ECU, að viðbættu 1,5 prósentustigi.

AUGLÝSING

um niðurfellingu samnings við Búlgaríu um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 24. apríl 1990 var 2. gr. samnings milli Íslands og Búlgaríu frá 10. apríl 1968 felld niður til bráðabirgða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1968 þar sem samningurinn er birtur. Niðurfellingin gildir ekki um handhafa diplómatískra vegabréfa.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. apríl 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.